

10 ára afmæli EES samningsins

Fráfarandi sendiherra ESB á Íslandi, Gerhard Sabathil, kemst skemmtilega að orði í nokkurs konar kveðjuviðtali sem birtist í Morgunblaðinu nú á Þorláksmessu. Þar talar hann um að Ís-lendingar og Norðmenn fylgist með ESB úr stúkusetinu og að verðið fyrir þau sæti hafi hækkað með samningnum um aðlögun EES-samningsins að stækkun ESB og á þar við hækkuð framlög EFTA-ríkjanna í þróunarsjóð ESB.

Reglurnar koma að utan

Í viðtalinu við þennan orðvara sendiherra kemur einnig fram að Íslendingar séu í þeirri stöðu að hafa í reynd úthýst lagasetningarvaldinu til verktaka í Brussel og í höfuðborgum ESB-landanna 15. Þetta þýði í reynd að með EES-aðildinni hafi Ísland afsalað sér meira af eigin fullveldi en vera myndi með fullri aðild að ESB þar sem aðildarríkin deila þessu valdi með sér. Þá gerir hann að umræðuefni hversu stórstíg-

ar framfarir hafi orðið í íslensku efnahags- og atvinnulífi á þeim áratug sem liðinn er síðan EES-samningurinn tók gildi.

Gæfuspor

Það er vissulega rétt að aðild okkar Íslendinga að EES-samningnum var mikið gæfuspor. Um þetta efast fáir lengur. Við fengum í þeim samningi allt fyrir ekkert eða næstum ekkert. Stúkuseti á frímiða. Þessum árangri náðum við ekki í krafti eigin styrks heldur með aðstoð annarra EFTA ríkja sem nú eru flest gengin í ESB. Svisslendingar, sem felldu aðild að EES-samningnum, voru mörg ár að gera tvíhliða samninga við ESB sem flestir eru sammála um að gangi mun skemmra og séu mun lakari en EES-samningurinn. Þó er enginn vafi á að Sviss er mun mikilvægara fyrir ESB en Ísland í öllu tilliti.



EFTA klippir og límir

Við Íslendingar höfum á þeim sextíu árum, sem liðin eru frá stofnun Lýðveldisins, notið mjög góðs af samstarfi eða samfloti við nágrannaþjóðir okkar, einkum á Norðurlöndum. Nú hin síðari ár höfum við sem aukaáðilar notið góðs af verktakavinnu ESB, ekki aðeins við smíði laga og reglna, heldur einnig við samningagerð við önnur ríki. Fríverslunarsamningar EFTA eru t.d. jafnan gerðir í kjölfar samninga ESB við þessi sömu ríki. Í því ljósi er í besta falli brostlegt þegar andstæðingar ESB aðildar Íslands halda því fram að eitt af því sem við myndum glata sé möguleikinn til að gera fríverslunarsamninga við önnur ríki.

Að löðruna verktakann

Við lestur áður nefnds viðtals við fráfarandi sendiherra verður manni á að hugleiða hversu einkennileg framkoma okkar Íslendinga, sumra hverra að minnsta kosti, er gagnvart ESB. Við viljum ekki aðild en undrumst svo stórum að ESB skuli ekki gæta hagsmuna okkar í hvívetna. Kvartað er sáran yfir óbilgirni í samningum t.d. um

flökkustofna og að lítið tillit sé tekið til sérhagsmuna eða sérstakra landfræðilegra aðstæðna okkar. Við sýnum þó sjálf oftast furðu lítinn áhuga á að fylgjast með þeirri undirbúningsvinnu við lagasetningu og reglusmíði sem við þó höfum aðgang að. Þegar lokafrestur til að taka upp reglurnar rennur út förum við gjarna að velta fyrir okkur hvort þær henti okkur eða hvort hægt sé að fá undanþágu. Við tökum upp mestan hluta lagasetningar ESB og sem betur fer er það oftast svo að þetta lagaumhverfi hentar almenningi og fyrirtækjum mun betur en gömlu heimalöguðu reglurnar. Samt bólsótumst við yfir þessum reglum og formælum höfundum þeirra. Því er jafnvel spáð í svartasta skammdeginu að Evrópusambandið muni fljótlega líða undir lok. Spurning er hversu skynsamlegt það er að löðruna stöðugt verktakana sem setja okkur reglurnar en ætlast jafnframt til þess að þeir gæti hagsmuna okkar til jafns við sína eigin.

Að vera með eða ekki með?

Fjölgun ESB-ríkja úr 15 í 25 er meira en breyting. Nær er að segja að til verði nýtt ESB. Þeir sem hafa óttast að stefnt væri að því að breyta ESB í sambandsríki ættu að geta andað léttar. Líkurnar á slíkri breytingu hafa aldrei verið miklar en eru endanlega úr sögunni með þessari miklu fjölgun aðildarríkja sem flest eru smáríki. Á sama hátt ætti þeim að létta sem hafa óttast að hlutur smárikja verði fyrir borð borinn í Evrópusambandi framtíðarinnar því að í drögum að fyrstu stjórnarskrá þess er gengið út frá að atkvæðavægi smærri ríkja verði margfalt meira en fólksfjöldi segir til um. Endanleg samþykkt þessarar stjórnarskrár hefur ekki gengið hönkralaust fyrir sig en spyrja má hvort það sé ekki til vitnis um það að innan ESB semja menn um niðurstöður en beita ekki aðildarríkin þvingunum. Það er hins vegar ljóst að þeir Norðmenn og Íslendingar sem endalaust vilja standa hjá og „fylgjast náð með þróun ESB“ munu sjá að æ minna svigrúm og enn minni áhugi verður á að taka tillit til hagsmuna þessara sérvitringa meðal Evrópuþjóða.

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
01. tbl. Janúar 2004
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmíðju: 20.01.2004
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long bls. 2, Grímur Bjarnason bls. 12

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, Pósthólf 1450,
121 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

IÐNÞING 2004

**Iðnþing Samtaka iðnaðarins verður haldið föstudaginn
12. mars nk. í Húsi iðnaðarins að Hallveigarstíg 1**

KOSNINGAR

Í tengslum við Iðnþing fara að verju fram kosningar til stjórnar Samtaka iðnaðarins og valdir eru fulltrúar í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins.

Formaður er kjörinn til árs í senn. Núverandi formaður er Vilmundur Jósefsson og gefur hann kost á sér til endurkjörs.

Að þessu sinni ganga þrjú úr stjórn, þau Baldur Guðnason, Hreinn Jakobsson og Halla Bogadóttir. Þau gefa öll kost á sér til endurkjörs.

Þau sex, sem næst eru því að ná kjör í stjórn, taka sæti í ráðgjafaráði SI.

Í fulltrúaráði SA eiga sæti 100 fulltrúar og þar af hefur SI nú 31. Gera má ráð fyrir að fjöldi þeirra verði svipaður að þessu sinni.

Óskað er eftir tilnefningum til allra þessara trúnaðarstarfa og þurfa þær að hafa horist eigi síðar en 11. febrúar nk. til skrifstofu Samtaka iðnaðarins.

AÐALFUNDUR

Helðbundin aðalfundarsörf fara fram fyrir hádegji. Að þeim loknum er hádegisverður og ræður formanns og iðnaðarráðherra. Dagskrá Iðnþings að þessu sinni verður helguð 10 ára afmæli samningsins um Evrópska efnahagsvæðing og áhrifum hans á Íslenskt atvinnulíf. Ennfremur mun 10 ára afmæli Samtaka iðnaðarins setja svip sinn á Iðnþing 2004. Dagskráin er að öðru leyti í undirbúningi og verður kynnt um leið og hún er frágengin.

ÁRSHÓF

Árshóf Samtakanna verður að verju haldið að kvöldi Iðnþingsdags í veisluafnum Versölum í Húsi iðnaðarins og hefst kl. 19.

Félagsmenn eru hvetin til þess að ljó menna til Iðnþings og árshófs.

Nánari upplýsingar um Iðnþing, kosningar og árshóf verða birtar í næsta tölublaði Íslensks iðnaðar og á vefsetri Samtakanna www.si.is

Samtök iðnaðarins

Horft um öxl

Viðtal við Harald Sumarliðason v/10 ára afmælis SI

Um þessar mundir eru liðin 10 ár frá því að sex félagasamtök í iðnaði tóku saman höndum og sameinuðust undir heitinu Samtök iðnaðarins. Þau voru Félag íslenskra iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Meistara- og verktakasamband byggingamanna, Verktakasamband Íslands, Félag íslenska prentiðnaðarins og Samband málm- og skipasmíðja.

Einn helsti hvatamaðurinn að stofnun Samtaka iðnaðarins var Haraldur Sumarliðason, húsasmíðameistari, en hann hafði lengi verið í forystusveit Landssambands iðnaðarmanna og forseti þess um árabíl. Í kjölfar sameiningarinnar var hann kjörinn fyrsti formaður SI og gegndi því starfi í 6 ár þar til hann lét af formennsku á Iðnþingi árið 2001. Haraldur var fenginn til að segja frá tildrögum þess að Samtök iðnaðarins voru stofnuð og hvað varð til þess að það skref var stigið.

„Löngu áður en ég kom að þessu höfðu menn áttað sig á að þessi félög voru að ýmsu leyti að berjast fyrir sömu málum, ekki síst Landssamband iðnaðarmanna og Félag íslenskra iðnrekenda sem voru langstærst. Þrátt fyrir það sinntu félögin svipaðri hagsmunagæslu hvert í sínu horni. Með tímanum snerist hún æ meir um að bæta almenn starfsskilyrði iðnaðarins í stað einstakra sérhagsmuna. Áherslan var kannski aðeins mismunandi og ég tel að það hafi oftar en ekki orðið til þess að stjórnvöld áttu auðvelt með að stinga málum undir stól, m.a. með þeim rökum að iðnaðurinn væri sjálfur ekki sammála um leiðir.

Eftir að ég varð forseti Landssambandsins ræddi ég við flesta forustumenn hinna samtakanna, ekki síst Félags íslenskra iðnrekenda, um samstarf. Árið 1992 kom fram á aðalfundum margra félaganna að áhugi væri á að kanna einhvers konar samstarf eða samruna þar sem áherslumálin væru orðin svo lík. Þáverandi nýr formaður Félags íslenskra iðnrekenda, Gunnar Svavarsson, sýndi þessu mikinn áhuga og ég tel að Sveinn Hannesson, þáverandi framkvæmdastjóri FÍÍ og núverandi framkvæmdastjóri SI, hafi átt sinn þátt í að af sameiningunni varð enda hafði hann áður verið starfsmaður Landssam-



„Samtökin hafa skilað miklu meira en flestir félagsmenn gera sér grein fyrir en afraksturinn er gífurlega mikill, sérstaklega hvað varðar starfsskilyrði iðnaðarins sem hafa batnað mjög“

bandsins og þekkti því hvor tveggja samtökin ákaflega vel,” segir Haraldur.

Veikti stöðu iðnaðarins að vera ekki samstiga

„Ég vissi að það hefði mikil áhrif gagnvart stjórnvöldum að iðnaðurinn kæmi fram sem ein heild. Áður en Samtökin voru stofnuð kom fyrir að forustumenn þessara félaga kæmu hver á fætur öðrum í viðtöl við þingnefndir eða ráðherra en fengu minni hljómgrunn, beinlínis vegna þess að áherslur voru lítillega mismunandi. Eftir að þreifingar hófust um sameiningu fórum við að fara saman á slíka fundi og það bar sannarlega árangur að vera samstiga enda enginn ágreiningur um meginmál. Þetta varð síðan ásamt fleiru til að flýta formlegum viðræðum um samruna.“

Aðalatriðið að iðnaðurinn talaði einni röddu

Þegar málið var komið á þetta stig var nauðsynlegt að fá utanaðkomandi aðila til að vinna að undirbúningi sameiningar og því var fenginn ráðgjafi, Reynir Kristinsson, til að undirbúa hana enda erfitt fyrir sex formenn að stjórna viðræðunum. Einnig þurfti að vinna ýmis gögn í þessu sam-

bandi sem hann og framkvæmdastjórar samtakanna sáu um. „Þegar ákveðið hafði verið að reyna sameiningu gekk furðu vel að mynda ný samtök. Formennirnir funduðu reglulega og lögðu línurnar en framkvæmdastjórar allra samtakanna áttu einnig fundi, ýmist sér eða með okkur ásamt ráðgjafanum. Reynir reyndist okkur ákaflega vel en mér er sérstaklega minnisstætt hvað framkvæmdastjórnir unnu að þessu af miklum heilindum þótt þeir væru með því að taka mikla áhættu með eigin atvinnu.“ segir Haraldur.

„Það sem sett var á oddinn var að væntanleg Samtök iðnaðarins töluðu einni röddu. Ég fann með þessu mikinn mun á ráðamönnum til hins betra þar sem ég þekkti hvort tveggja. Auðvitað náðum við baráttumálum okkar ekki fram í einu og öllu en viðmótið gerbreyttist til hins betra eftir að við fórum að tala í nafni SI og þannig náðum við frekar eyrum þeirra sem leita þurfti til.“

Sameiningunni fylgdi auk þess talsverður fjárhagslegur ávinningur því að félagsgjöld flestra félagsmanna lækkuðu talsvert. Einnig var unnt að fækka starfsfólki, einkum í þeim störfum sem tengdust sjálfum rekstri samtakanna. Skrifstofuhaldið var auðvitað sameinað og þar með losnaði heil hæð á Hallveigarstígnunum þar sem LI og FÍÍ voru til húsa. Annar rekstrarkostnaður lækkaði einnig og um leið batnaði þjónustan við félagsmenn.

Sameining VSI og VMS til mikilla bóta

Haraldur segir að SI hafi haft frumkvæði að því að viðræður hófust um sameiningu Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnu- málambandsins „enda töldum við hana mjög tímabæra. Meðan hvor tveggja samtökin unnu að samningamálum kom iðulega fyrir að misræmi skapaðist milli launa á vinnumarkaðinum sem olli úlfúð og deilum. Við hjá SI töldum engin efni til að hafa þetta skipt og raunar voru þetta leifar frá þeim tíma þegar Samband íslenskra samvinnufélaga var stórveldi í íslensku atvinnulífi. Ég hef ekki orðið var við að sú sameining hafi valdið neinum vanda og tel þvert á móti að hún hafi skapað eðlilega festu í kjarauræðuna auk þess sem kostnaður hefur lækkað. Ég er hins vegar ekki á því að lengra eigi að ganga í sam-

einingu á þessum vettvangi a.m.k. á þessu stigi. Sumir hafa þó haft á orði að sameina beri öll aðildarfélög Samtaka atvinnulífsins undir þeirra hatti.“

Inngangan í EFTA erfið á sínum tíma

Með inngöngunni í EFTA árið 1970 var leyfður óheftur innflutningur á iðnaðarvörum til landsins og það reyndist mörgum iðnfyrirtækjum stór biti að kyngja. „Þótt iðnaðurinn styddi aðild að EFTA var sumum iðngreinum þar með greitt rothögg. Ástæðan var sú að stjórnvöld sviku öll sín loforð um bætt starfsskilyrði iðnfyrirtækjum til handa svo að þau gætu staðist óheftan innflutning á iðnaðarvörum.“ Haraldur segir að krafan hafi jafnan verið sú að íslensk fyrirtæki búi við sams konar starfsumhverfi og erlendir keppinautar en á það hafi oft vantað. Í því ljósi hafi umræðan innan SI um inngöngu í ESB sprottið en huga verði vel að öllum hliðum þess máls áður en lengra verði gengið.

Batnandi hagur iðnfyrirtækja með inngöngu í EES

„Inngangan í EES fyrir tíu árum hefur skapað iðnaðinum að mörgu leyti svipaðar aðstæður og þekkjast í nágrannalöndum okkar. Hagur iðnaðarins hefur því farið mjög batnandi. Með tilkomu EES samningsins er nú hægt að leita réttar síns ef

þörf er á. Þetta vita stjórnvöld og því er ekki eins oft brotið á fyrirtækjum núorðið sem betur fer,“ segir Haraldur. „Ég tel því að EES samningurinn geti dugað okkur a.m.k. enn um sinn, hvað sem síðar kann að verða en við verðum auðvitað að fylgjast vel með því sem er að gerast hjá Evrópusambandinu. Krafan er sú að íslenskur iðnaður búi við sambærileg starfsskilyrði og keppinautarnir.

Hvað er þér minnisstæðast frá þínum langa formannsferli?

„Eins og fram hefur komið var þetta orðinn nokkuð langur tími eða samtals 15 ár frá því ég tók við sem forseti Landssambands iðnaðarmanna og þar til ég hætti sem formaður Samtaka iðnaðarins og því er margs að minnast. Ég býst þó við að stofnun Samtaka iðnaðarins verði, eftir því sem frá líður, það sem stendur upp úr af þeim málum sem til umfjöllunar voru kannski vegna þess að ég tel að hún mundi hafa mikil áhrif til góðs á þann árangur sem iðnaðurinn getur náð í framtíðinni. Vissulega mætti nefna sitthvað fleira en mér er efst í huga allt það góða og áhugasama fólk sem ég fékk tækifæri til að kynna og starfa með á þeim vettvangi.“

Samtök iðnaðarins á rétttri leið

En hafa Samtök iðnaðarins gengið til

góðs götuna fram eftir veg að mati að þínu mati?

„Samtökin hafa skilað miklu meira en flestir félagsmenn gera sér grein fyrir en afraksturinn er gífurlega mikill, sérstaklega hvað varðar starfsskilyrði iðnaðarins sem hafa batnað mjög á undanfönum árum og nálgast nú mjög það sem helstu viðskiptaþjóðir okkar búa við. Hins vegar er ég ósáttur við þá miklu áherslu sem Samtökin hafa lagt á aðild að ESB. Ég tel að þar verði menn að stiga varlega til jarðar og vinna heimavinnuna sína betur áður en farið verður í hugsanlegar viðræður um aðild. Ég tel að flest hafi gengið eftir sem stefnt var að en sakna þess að iðnmeistarar skuli ekki láta meira til sín taka í félagsstarfinu.

Björt framtíð íslensks iðnaðar

Við lífum á miklum breytingatímum og ég geri ekki ráð fyrir að ég sjái, frekar en aðrir, hvað framtíðin ber í skauti sér. Ég er þess þó fullviss að ef forusta og félagsmenn SI bera gæfu til að nýta þau tækifæri, sem ný tækni og breyttir tímar gefa tilefni til, þá verður framtíð Samtakanna og íslensks iðnaðar björt og bjartari en nokkurn tíma áður í sögu þjóðarinnar,“ segir Haraldur Sumarliðason.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Raddir félagsmanna á 10 ára afmæli SI

Mikilvægi UT-iðnaðar hraðvaxandi



Frá upphafi hafa Samtök iðnaðarins stutt upplýsingatæknifyrirtæki í hagsmunabaráttu þeirra. Sagan er reyndar mun lengri eða síðan 1986 þegar Félag íslenskra iðnrek-

enda studdi hugbúnaðarfyrirtæki í stefnumótun og undirbúning útrásar á erlenda markaði.

Um 1988 voru Samtök Íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja (SÍH) stofnuð til að vinna að hagsmunamálum þeirra og urðu vettvangur fyrir sameiginlegan þrýsting á

stjórnvöld um jafnræði og bættar rekstrar- aðstöðu. Útbodsmál, virðisaukaskattur og jafnræði á markaði hafa verið helstu baráttumálin undanfarinn áratug.

SI eru mun stærrí og öflugri samtök fyrirtækja sem um margt hafa sameiginlega hagsmuni. Því var afráðið árið 1996 að gera SÍH að starfsgreinahóp innan SI.

Hópurinn hefur stækkað og nýlega var nafninu breytt í Samtök upplýsingatæknifyrirtækja, SUT, til samræmis við breyttar áherslur. Upplýsingavefur upplýsingatæknifyrirtækja er á vefsetrinu ut.is þar sem fjölbreyttar upplýsingar er að finna ásamt greinum og fréttum úr atvinnugreininni.

Hópurinn hefur unnið ötulllega að mörgum málum. Stórum áfanga var náð árið 2003 þegar breytt var reglugerð um innheimtu virðisaukaskatts hjá óskattskyldum aðilum, t.d. bönkum, tryggingafélögum og öðrum fjármálfyrirtækjum, í tengslum við upplýsingatæknirekstur þeirra.

Upplýsingatækni hefur þróast mikið á undanfönum árum er orðinn ómissandi þáttur í starfi nær allra Íslendinga. Mikilvægi greinarinnar má glögg sjá í þjóðhagsstærðum undanfarinna ára þar sem fjöldi starfa í greininni er 5000 og veltan um 65 milljarðar. Ef aðeins er lítið til hugbúnaðarluta upplýsingatæknifyrirtækja, þá eru störfin ríflega 2000, og veltan um 20 milljarðar króna.

Útflutningur hugbúnaðar og þjónustu hefur aukist mikið á síðustu árum, frá 33 milljónum árið 1990 í um 3,6 milljarða árið 2002. Fáar atvinnugreinar hafa náð jafn miklum vexti í útflutningi á svo skömmum tíma.

Þáttur SI í stuðningi við upplýsingatæknifyrirtækin hefur verið mikilvægur síðustu 10 árin og við væntum þess að hann verði enn meiri næstu 10 árin.

*Ágúst Guðmundsson, framkv.stj.
Tölvumiðlun hf.*

Gerum iðnaðinn áhugaverðan



Undanfarna áratugi hafa íslensk iðnfyrirtæki lagað sig að margháttuðum breytingum á starfsskilyrðum í flestum tilvikum vegna aðlögunar að háttum annarra þjóða og samningum við þær. Á

sama tíma hefur markaðurinn orðið alþjóðlegri. EES samningurinn hefur haft víðtæk áhrif og samræmt kröfur til fyrirtækja um starfsemina, vörur og þjónustu, útboðsreglur og markaðsaðgengi.

Með raunverðlagningu fjármagns í upphafi níunda áratugarins hækkaði arðsemiskrafan og óhagkvæm iðnaðarstarfsemi frá tímum gamla hagkerfisins lagðist af. Engum datt þá í hug að aldarfjórðungi

síðar myndi þjóðin búa við eitt dýrasta bankakerfi heims. Svo virðist sem nýleg einkavæðing bankanna skili ekki virkri samkeppni enn sem komið er. Á sama tíma og vel rekin fyrirtæki búa við dýrt fjármagn, hafa byggða- og nýsköpunarsjóðir tapað milljörðum króna í vanhugsuð verkefni. Athyglisvert er að mjög litlu nýsköpunarfé hefur verið varið til starfandi framleiðslufyrirtækja í iðnaði.

Uppataka virðisaukaskattkerfisins á sínum tíma auðveldaði fjárfestingar í nýrri tækni og lækkun tekjuskatts hefur skapað gott skattalegt umhverfi í samanburði við nágrannalöndin. Opinberum aðilum hefur hins vegar ekki tekist að sýna festu og ábyrgð við gerð kjarasamninga sem ýtt hafa undir launaskrið sem afkomuháð fyrirtæki hafa orðið að mæta. Miklar virkjana- og stóriðjuframkvæmdir munu reyna verulega á litla hagkerfið og krónuna á næstu misserum og hætta er á ofhitnun.

Gjöfular auðlindir eru undirstaða velmegunar á Íslandi og þau forréttindi fámenningar þjóðar að eiga fiskveiðiauðlindina, fallvötnin og jarðvarmann hafa valdið

deilum um hversu langt eigi að ganga í alþjóðlegu samstarfi. Auðlindirnar hafa að sama skapi valdið því að ekki hefur verið hugað sem skyldi að virðisaukandi nýsköpun. Þjóðir sem bestum árangri ná, eiga oft takmarkaðar auðlindir. Þær virðast verða sterkari á sviði vörubrúunar, framleiðslu og alþjóðavíðskipta og tekst þannig að hagnýta sér virðisaukann frá hrávöru til fullbúinna söluafurða.

Íslensk iðnaðarframleiðsla hefur átt undir högg að sækja en góð dæmi sýna að ef rétt er á málum haldið má vinna sigra. Framleiðsluiðnaður utan stóriðju er ekki mikill og áhugi ungs fólks á að starfa innan hans er takmarkaður. Sá iðnaður sem mun lifa af hér á landi, eins og víðast á Vesturlöndum, mun ekki byggjast á ódýru vinnuafli heldur virku vörubrúunarstarfi, þekkingu, góðri framleiðni og öflugum markaðsstarfi. Eitt mikilvægasta verkefnið á næstu árum er að halda áfram að bæta ímynd iðnaðar og efla starfstengt nám.

Gerum íslenskan iðnað áhugaverðan!

*Bergsteinn Einarsson, framkv.stj.
SET ehf.*

Gætum hagsmuna iðnaðarins



Þegar tíu ára afmæli Samtaka iðnaðarins rennur nú upp kemur mér fyrst í hug hve mikið gæfuspor það var fyrir iðnaðinn í landinu að sameina öll þau félög og samtök

sem störfuðu í iðnaði og gera úr þeim eina öfluga heild, Samtök iðnaðarins.

Með því skrefi urðu til fjölmennustu og öflugustu atvinnurekendasamtök landsins. Samtök iðnaðarins hafa unnið iðnaðinum ómetanlegt gagn í þeirri stöðugu sóknar- og varnarbaráttu sem aldrei lýkur. Ég vil ekki hugsa þá hugsun til enda hvernig væri umhorfs í málefnum iðnaðarins ef áfram hefði verið starfað í 6 mismunandi félögum og samtökum. Víst er að slagkraftur iðnaðarforystunnar hefði ekki orðið neitt í líkingu við það sem verið hefur þennan áratug sem Samtök iðnaðarins hafa starfað.

Verkefni Samtaka iðnaðarins eru margþætt og eitt þeirra er óneitanlega hagsmunagæsla. Mér virðist að menn séu stundum feimnir við að viðurkenna að þeir stundi hagsmunagæslu. Það er svipað viðhorf og ríkti hér á landi fyrir allnokkrum árum gagnvart hagnaði fyrirtækja. Þá var „gróði“ skammaryrði en nú viðurkenna allir að fyrirtæki verða að hagnast. Eins er með samtök af þessu tagi. Þau þurfa að vera alls ófeimin við að gæta hagsmuna félagsmanna sinna; hagsmunagæsla er eitt af mikilvægustu hlutverkum þeirra.

Önnur félög og samtök gæta hagsmuna félaga sinna grímulaust. Gildir þar einu hvort um er að ræða önnur atvinnurekendasamtök, verkalyðsfélög, stjórnmalahópa, byggðahópa eða aðra. Nýleg dæmi um það eru átök milli byggðarlaga og milli einstakra greina innan útgerðar um svinefnda „línuvildun“ innan hins umdeilda fiskveiðistjórnunarkerfis okkar Íslendinga. Þessir aðilar takast á um hagsmuni og ég segi: Það er þeirra hlutverk. Þeir hafa tekið að sér baráttuhlutverkið og er ekkert nema gott um það að segja.

Eins er með okkur í iðnaðinum. Ef við gætum ekki okkar hagsmuna - þá gerir það enginn fyrir okkur.

Ég nefni þetta einungis til að brýna stjórn Samtaka iðnaðarins og starfsfólk til að gefa hvergi eftir í baráttunni, í málefnalegri og heiðarlegri hagsmunabaráttu.

Einungis tveir formenn hafa stýrt Samtökum iðnaðarins á þessum 10 árum, þeir Haraldur Sumarliðason, byggingameistari og Vilmundur Jósefsson, framkvæmdastjóri. Báðir koma þeir úr grasrót iðnaðarins og ég tel að það sé ein helsta skýringin á velgengni Samtakanna hve góða og öfluga formenn þau hafa haft. Sjálfur fékk ég tækifæri til að starfa með þessum formönnum, og fjölmörgum öðrum góðum mönnum, í stjórn Samtaka iðnaðarins í 6 ár og hafði mikla ánægju af því samstarfi.

Enn sem fyrr er brýnt að gott fólk veljist til starfa á vegum Samtakanna, bæði í stjórn og á öðrum vettvangi. Mikilvægt er að forystumenn fyrirtækja í iðnaði gefi sér áfram tómt til að taka þátt í starfinu af heilum hug og leggi þannig sitt af mörkum til að viðhalda mikilvægu afli og slagkrafti Samtaka iðnaðarins.

*Helgi Magnússon, framkv.stj.
HarpaSjöfn hf.*

Stöðugt rekstrarumhverfi mikilvægt



Það er óhætt að segja að starfsumhverfi Íslenskra fyrirtækja hafi tekið stakkaskiptum til hins betra undanfarinn áratug. Samfara tiltölulega stöðugu verðlagi hefur

markaðurinn stækkað og tækifærum fjölgað, skattar hafa lækkað, bankar hafa eflst og hlutabréfamarkaður stuðlar nú að því að fjármagnið nýtist sem best.

Miklar framfarir hafa átt sér stað í upplýsingatækni og almenn þekking á viðskiptalífínu hefur aukist enda hefur

hagvöxtur á tímabilinu verið með mesta móti og lífskjör batnað mikið. Aukið frjálsræði í efnahagslífinu samfara tiltölulega agaðri hagstjórn virðist hafa leyst úr læðingi krafta sem hafa skilað landsmönnum verulegum ávinningi.

Sú grein iðnaðar þar sem ég starfa hefur tvímælalaust notið góðs af þessum breytingum og hefur markaðshlutdeild innlendra framleiðenda vaxið þrátt fyrir afar harða samkeppni við stóra erlenda keppnauta sem verða stöðugt stærri í kjölfar uppkaupa eða samruna. Vinnumarkaðurinn virðist vera í sæmilegu jafnvægi um þessar mundir og það hefur reynst vel því fyrirtæki sem ég starfa fyrir að eiga aðgang að stærri vinnumarkaði þegar þannig árar. Flest lán fyrirtækisins eru í erlendri mynt og því hafa innlendar vaxtabreytingar ekki bein áhrif á reksturinn. Hins vegar hafa gengissveiflur haft þeim mun meiri áhrif á rekstrarafkomuna og torveldað

möguleika fyrirtækisins á útflutningi.

Nú skiptir öllu máli að tryggja áfram stöðugt rekstrarumhverfi og varðveita þann árangur sem náðst hefur. Þá verður sérstaklega horft til þess hvernig hemja megi ríkisútgjöld sem er forsenda þess að vextir hækki ekki eins og útlit er annars fyrir. Þá verður athyglisvert að fylgjast með áformum ríkisstjórnar um að lækka skatta á kjörtímabilinu. Í því sambandi er nauðsynlegt að tækifærið verði notað og skattar jafnaðir á allar tegundir matvæla en nú viðgengst verulegt misræmi í skattlagningu sælgætis og drykkja annars vegar og annarra matvæla hins vegar.

Samtök iðnaðarins hafa á tíu ára starfsævi unnið ötullaga fyrir iðnfyrirtæki og það hefur verið gott að eiga þau að. Ég óska þeim til hamingju með merkisáfangann og velfarnaðar í framtíðinni.

Finnur Geirsson, framkv.stj.
Nói-Síríus hf.

SI mikilvægur bakhjarl



Félag Íslenskra gullsmiða fagnar merkjum áfanga í október nk. en þá verða 80 ár liðin frá stofnun þess. Félagar voru þá 15 talsins, allt karlmenn, en fyrsti kvengullsmiðurinn tók þó sveinspróf sama ár, Sigríður Ásgeirsdóttir frá Ísafirði. Lengst af hefur stétt gullsmiða verið að mestu leyti skipuð karlmönnum en nú er svo komið að konur eru u.þ.b. helmingur þeirra sem ljúka námi.

Margs verður því að minnast á afmælisárinu úr sögunni og félagsmenn munu efna til ýmislegra hátíðahalda innan sinna vébanda af þessu tilefni og kynna fagið og starfsemi sína.

Í lögum félagsins segir að tilgangur þess sé að efla samheldni meðal gullsmiða á Íslandi, að koma í veg fyrir að réttur þeirra sé fyrir borð borinn og að stuðla að öllu því sem er til framfara horfir í iðninni. Þetta ákvæði hins 80 ára gamla félags á sannarlega við enn í dag. Markmiðið nú tel ég vera það að gera gullsmíði sem iðn- og listgrein meira gildandi og sýnilegri. Lögð verði áhersla á að skerpa gæðavitund

almennings hvað skartgripri áhrærir. Til að það takmark náist er nauðsynlegt að veita góða þjónustu á öllum stigum en hún er sannarlega gulls ígildi.

Í hverri iðngrein er grundvallaratriði að huga að þróun og nýsköpun, grunnmenntun og framhaldsmenntun. Iðnmenntunin í þessari grein er staðgóð undirbúningsmenntun til sveinsprófs. Hins vegar skortir hér enn möguleika á framhaldsnámi svipað og gerist í nágrannalöndum okkar. Eðlilegt er að huga að möguleikum þeim sem stofnun Listaháskóla á Íslandi hefur gefið okkur bæði hvað varðar framhaldsnám og endurmenntun. Félagið og félagsmenn hafa einnig verk að vinna í tengslum við samræmingu og samvinnu ýmissa þátta hins verklega hluta náms gullsmiðanema. Nauðsynlegt er að fylgja eftir nútímakröfum svo að hæfir og vel þjálfaðir nemandar skili sér ávallt út í atvinnulífið.

Eins og alkunna er lífum við nú tíma mikilla og örva sviptinga í verslun, þjónustu, viðskiptum og atvinnulífínu almennt. Gróin fyrirtæki lognast út af, fyrirtækjasamsteypur rísa og umtalsverð samþjöppun virðist eiga sér stað. Útlit er fyrir að smáfyrirtæki eigi æ erfiðara uppdráttar á flestum sviðum. Ef þetta er raunin ættu félagar okkar einnig að hugsa sinn gang og leitast við að svara kalli tímans. Fagfólk okkar er frábært, bæði gullsmiðir, skartgripahönnuðir og iðnhönnuðir. Heimamarkaðurinn er hins vegar afar lítill og því er nauðsynlegt að hugað sé að samvinnu milli

þessara aðila um stærri verkefni á sviði útflutnings en á þann vettvang eignum við fullt erindi. Samkeppni innan greinarinnar er eðlileg og sjálfsögð og er í sjálfu sér hvetjandi. Við eignum hins vegar ekki að einblína um of á samkeppni í skartgripagerð eingöngu á heimamarkaði.

Hagsmunir Félags Íslenskra gullsmiða felast ekki bara í sterkum og vel hæfum einstaklingum eða sterkri félagsheild, heldur einnig í því að skipa sér á bekk með samtökum sem horfa vítt yfir og helst lengra en augað sér á líðandi stund og jafnframt út yfir höf og lönd. Þess vegna er félaginu mikils virði að tengjast samtökum á borð við Samtök iðnaðarins og eiga þau að bakhjarli. Það sannaðist svo að ekki varð um villst á Tískudögum iðnaðarins sem haldnir voru í Perlunni í haust. Þar sem 60 fagmenn úr hinum ýmsu þjónustugreinum tóku höndum saman. Um 7000 gestir sóttu sýninguna sem tókst í heild með miklum ágætum og gefur fyrirheit um framhald í einni eða annarri mynd.

Samstarf Félags Íslenskra gullsmiða og SI hefur verið afar gott undanfarin ár og farið stöðugt vaxandi. Samtökin veita félaginu og félagsmönnum ýmsa fyrirgreiðslu, ráðgjöf og þjónustu sem öll einkennist af vandvirkni og fagmennsku. Fyrir þetta ber að þakka um leið og Samtökum iðnaðarins er árnað heilla á merkjum tímamótum í starfi sínu.

Dýrfinna Torfadóttir, formaður
Félags Íslenskra gullsmiða

Aðild að heildarsamtökum mikils virði



Á tímamótum sem þessum, þegar Samtök iðnaðarins eru 10 ára og nýtt ár er hafið, er við hæfi að velta fyrir sér hvers virði það er fyrir félög og fyrirtæki að vera aðilar

að heildarsamtökum.

Málarameistarafélagið var eitt þeirra meistarafélaga sem tóku þátt í stofnun Samtakanna. Eitt af því sem fullyrða má að réttlæti aðild fyrirtækja að SI er hin mikli máttur sem fólgin er í stærð Samtakanna. Hagsmunabaráttan verður auðveldari og markvissari og hag fyrirtækjanna því betur borgið innan en utan þeirra. Fyrir félög á borð við Málarameistarafélagið hefur það margoft sýnt sig að sá stuðningur, sem hægt er að sækja til SI, er mikilvægur. Félagasamtök eins og SI verða þó aldrei sterkari en félagsmennirnir vilja sjálfir og

hvert stefnan er tekin fer alfarið eftir því hvað félagsmenn vilja. Tilvera Samtakanna og meistarafélaganna er háð því hve gott samstarf þau eiga.

Á undanförunum árum hefur félagið tekið virkan þátt í endurskipulagningu iðnnáms og fagnar nýrri námskrá sem samþykkt var sl. vor. Félagið hefur alla tíð talið jafnmikilvægt að til sé námskrá fyrir verklega hluta námsins eins og þann bóklega og fagnar því að nú er unnið að gerð námsferilbókar. Mikilvægt er að námið, sem skilgreint er, verði til þess að skila vel hæfum sveinum í stéttina. Þannig getum við best staðið vörð um faggreinina og löggildinguna sem krafist er í skipulags- og byggingarlögum.

Það er mikið hagsmunamál fyrir neytendur ekki síður en iðnaðarmenn að uppáskrift löggilts meistara sé fylgt eftir af hálfu byggingafulltrúa um land allt þar sem kaupendur húsnæðis eru oftast að höndla með aleiguna og því mikilvægt að vel takist til.

Atvinnuástand í greininni hefur verið nokkuð gott á undanförunum árum og ekki er annað að sjá en að horfurnar séu góðar á þessu ári. Við slíkar aðstæður og í ljósi þess að gerð kjarasamninga er framundan er ekki síst mikilvægt að fyrirtækin séu á

varðbergi þegar horft er til reksturs og afkomu. Reynslan hefur sýnt að oft er mun erfiðara að ná góðri afkomu í rekstri í „góðæri“ en á samdráttartímum.

Vextir og vaxtastefna stjórnvalda hafa mikil áhrif á rekstur fyrirtækja. Samtök iðnaðarins þurfa því að veita stjórnvöldum mikið aðhald í þeim málum. Berjast þarf fyrir því að vaxtastig verði sem líkast því sem gerist í nágrannalöndum og gera íslensk fyrirtæki þannig samkeppnishæf við sambærileg fyriræki erlendis.

Útboðsumhverfi fyrirtækja í byggingar-iðnaði hefur mikil áhrif á starfsemi þeirra. Mörg fyrirtæki byggja stærstan hluta verkfna sinna á tilboðum. Samtök iðnaðarins þurfa því að beita sér fyrir að útboðsgögn séu bætt og að farið sé eftir þeim reglum sem settar hafa verið. Þá er einnig mikilvægt er að útboðsgögn séu þannig úr garði gerð að efni, sem ber að nota, séu vel skilgreind þannig að fulljóst sé hvers krafist er.

Málarameistarafélagið óskar Samtökum iðnaðarins til hamingju með afmælið og þakkar gott samstarf á undanförunum árum.

*Hermann Óli Finnsson, formaður
Málarameistarafélag Reykjavíkur*

Nýtum frjóan jarðveg til nýsköpunar



Eru Íslendingar hneigðari til nýsköpunar en annað fólk? Íslendingar hafa að sögn þeirra, sem reynslu hafa bæði af íslensku og erlendu vinnuafli, mun meira

frumkvæði til að leysa hin ýmsu vandamál – „redda“ hlutunum. Íslendingar eru samkvæmt mælingum Gallups bjartsýnni en aðrar þjóðir. Íslenska þjóðarsálin virðist því ákjósanlegur jarðvegur, hvers konar nýjunga og nýsköpunar.

Hverjir eru hins vegar möguleikar þeirra sem hyggja á nýsköpun á Íslandi? Þeir sjóðir sem eitthvað hefur kveðið að eru annaðhvort að mestu lokaðir (Nýsköpunarsjóður) eða aflagðir (Framtakssjóðurinn). Enginn skipulegur vettvangur er til

þar sem íslenskir hugmyndasmiðir og frumkvöðlar get kynnt viðskiptahugmyndir sínar þar sem fjárfestar geta kannað og metið gildi þeirra. Þaðan af síður eru til reiðu aðilar sem veita slíkum aðilum stjórnunarlegan stuðning. Frumkvöðlar þurfa ekki bara peninga. Þeir þarfnast stjórnunarlegs aðhalds, þeir þurfa aðstoð við stefnumótun og framkvæmd stefnu – þannig að þeir fari t.d. ekki stöðugt fram með endurbætur heldur klári markaðshæfa vöru. Frumkvöðlar eiga gjarna í basli með stjórnunarlega þáttinn, sbr. fyrsta boðorð fjárfesta “shoot the inventor” (skjótum uppfinningamanninn). Vegna þess hve langur vegur er oft frá hugmynd að blómstrandi fyrirtæki – 8 til 15 ár – þarf iðulega að tryggja afar þolinmótt fjármagn til viðkomandi verkefnis.

Hvað þarf þá að gera til þess að nýta þann frjóa jarðveg sem Ísland er í dag til nýsköpunar? Eins og áður var bent á, er kerfið hrunið sem studdi skapandi frumkvöðlum möguleika til að gera hugmynd að arðbæru fyrirtæki. Án slíks kerfis er við búið að mjög hægi á endursköpun íslensks

atvinnulífs. Impruverkefni iðnaðarráðuneytisins, sem aðstoðar frumkvöðla við að móta hugmyndir sínar og gera þær kynningar, er mjög góð byrjun. En næstu skref frumkvöðla að því loknu eru á eyðimörk auraleysis. Erfitt er að ímynda sér lausn á þeim vanda án árlegs framlags ríkisins – a.m.k. til að byrja með. Eðlilegt er að ætlast til þess að lífeyrissjóðir landsmanna sinni málinu með áhættusjóði, – með arðsemi að markmiði. Vettvangur vantar fyrir fjárfesta sem áhuga hafa á að leggja fé í nýsköpun. Viðhafa mætti t.d. sérstaka ívilnandi skattmeðferð á fé sem lagt er í áhættufjármagnssjóði. Í ljósi síðustu uppsveiflu í nýsköpun er hins vegar eðlilegt að hafa hugfast að nýsköpun án traustrar stýringar er soun.

*Sigurður R. Helgason, framkv.stj.
Björgun ehf.*

Góð starfs- og iðnmenntun skilar góðum hagnaði



Menntamál hafa um langt árabil verið ofarlega á blaði í prentiðnaði enda hafa þar orðið miklar og gagngerar breytingar sem kallað hafa á umfangsmikla endurmenntun og endurskoðun á

starfsgreinum. Þar sem áður voru fáar lög-giltar iðngreinar eru nú margar og fjölbreyttar starfsgreinar sem rúmast innan upplýsinga- og fjölmiðlagreina. Sú flokkun segir meira en mörg orð; frá prentiðnaði fórum við og erum núna stödd í upplýsinga- og fjölmiðlaiðnaði.

Allt frá stofnum Samtaka iðnaðarins hafa fræðslu-, menntunar- og endurmenntunarmál verið þar ofarlega á baugi. Ég tel raunar að það sé mjög mikilvægt að svo verði áfram því að iðnaðurinn þarf stöðugt að glíma við breytingar og ný verkefni sem kalla á nýja og betri menntun starfsmanna og stjórnenda.

Þegar Félag Íslenska prentiðnaðarins gerðist stofnfélagi í Samtökum iðnaðarins hafði það nokkrum árum áður haft for-

göngu um stofnun Prenttæknistofnunar. Gífurlegar tæknibreytingar höfðu orðið í prentiðnaðinum á árunum 1970 til 1993. Ljóst var að endurmennta þyrfti stóran hóp þeirra sem störfuðu í greininni og að stór hluti hefðbundinna starfa legðist af eða breytti um eðli.

Lengst af þessu tímabili voru mikil átök á milli FÍP og Félags bókagerðarmanna sem stundum reyndi að halda í gamlar og þá úreltar vinnuáferðir. Það þótti ekki öllum jafn sjálfsgott og nú þykir, að stofna til endurmenntunar og átti það svo sem jafnt við um ýmsa bæði innan samtaka okkar atvinnurekenda sem og launþegahreyfingar. Þess þá heldur hefur mér það þótt bera vott um mikla hugarfarsbreytingu þegar bókagerðarmenn vilja eigna sér heiðurinn af stofnun Prenttæknistofnunar. Ég tel hins vegar rétt að halda því til haga að það var fyrir eindreginn vilja okkar í forystu FÍP að Prenttæknistofnun var sett á fót og á úrslitastundu í þeirri atburðarás stóðu forystumenn bókagerðarmanna frammi fyrir því að FÍP myndi stofna slíka endurmenntunastofnun upp á sitt eindæmi ef FBM vildi ekki taka þar þátt í því. Sem betur fer áttuðu forystumenn bókagerðarmanna sig á því í tíma að endurmenntun væri best komin í samstarfi atvinnurekenda og launþegahreyfingar. Núna er traust og góð samvinna milli Samtaka iðnaðarins og Félags bókagerðarmanna sem skilað hefur verulegum árangri.

Með stofnun Samtaka iðnaðarins ásamt

því að Prenttæknistofnun fluttist í húsnæði Samtakanna að Hallveigarstíg við hlið annarrar endurmenntunastarfsemi iðnaðarins hefur skilningur á þörf endurmenntunar aukist og starf Samtaka iðnaðarins öflugt á því sviði enda sjálfsgott mál.

En aldrei er nóg að gert í menntamálum og því nauðsynlegt að efla enn betur allt endurmenntunastarf. Nú þurfum við að beina sjónum okkar enn frekar að þörfum einstakra fyrirtækja. Einnig þarf að efla alla starfs- og iðnmenntun og þá ekki síst á framhalds- og háskólastigi. Miklar vonir eru því bundnar við nýstofnaðan Tækniháskóla og aukna samvinnu hans við Samtök iðnaðarins. En sambandið þarf ekki síður að vera náð og gott við þá framhaldsskóla sem sinna starfsmenntun. Mér þykir ánægjulegt að geta þess hversu góð samvinna hefur tekist við Iðnskólann í Reykjavík en hann gegnir lykilhlutverki í grunnmenntun prentiðnaðarins. Þar er einnig Margmiðlunarskólinn, miðstöð framhaldsnáms á sviði margmiðlunar, sem Prenttæknistofnun átti þátt í að koma á fót.

Við ættum að læra af reynslu þeirra þjóða sem best hefur tekist að láta góða menntun skila fyrirtækjum og þjóðarþúi auknum hagnaði en það er einmitt tilgangur og markmið starfsmenntunar, auk þess að auka fólki almenna menntun og vísðýni.

Örn Jóhannsson
Árvakur hf. - Morgunblaðið

Lítið myntkerfi veikir samkeppnisstöðuna



Færa má rök fyrir því að atvinnurekstur snúist að mestu leyti um

samanburð milli fyrirtækja. Betri fyrirtækin lifa og dafna, þau lakari láta undan síga og hætta. Þessi samanburðarfræði eru hins vegar það flókin að erfitt er að henda reiður á því fyrir fram í hvorum hópnum tiltekin fyrirtæki eiga heima, þeim sem vex og dafnar eða þeim sem veslast upp.

Sá skortur á einhverju kerfi, sem gæti veitt nákvæmar niðurstöður, þýðir til

dæmis að ákvarðanir um fjárfestingar eiga meira skylt við list en vísindi enda byggjast þær oft en ekki á innsæi sem erfitt er að skýra nema með góðum árangri á löngum tíma. En sumt í þessum samanburðarfræðum er ljóst og má þar nefna almennt rekstrarumhverfi sem fyrirtækin búa við. Fullyrða má að til lengri tíma litið muni fyrirtækjum, sem búa við gott umhverfi, farnast betur í samkeppninni við þau sem búa við lakari skilyrði. En hvernig eru skilyrði á Íslandi miðað við önnur lönd? Eins og oft áður er svarið ekki einhlítt. Margt er betra og margt lakara. Sumum þessum þáttum er ekki unnt að breyta, eins og til dæmis legu landsins og smæð markaðarins. Mörgu er hins vegar hægt að breyta og er rétt að minnast skattabreytinganna á síðasta kjörtímabili sem bættu rekstrar-skilyrði fyrirtækja á Íslandi til mikilla muna og bættu að einhverju leyti upp þá neikvæðu þætti sem að framan eru taldir.

Einn af ókostunum við að reka fyrirtæki á Íslandi er smæð myntkerfisins. Við búum við gjaldmiðil sem er ekki skráður erlendis. Þess vegna búa fyrirtæki á Íslandi við meiri óvissu vegna gengisbreytinga en þau sem eru á stærri myntsvæðum og vextir verða alltaf eitthvað hærri á litlum gjaldmiðli ef til lengri tíma er litið en í hinum stærri myntum. Hingað til hefur þessi umræða snúist um hvort Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið. Ég ætla ekki að taka þátt í þeirri umræðu hér en vil benda á að smæð myntkerfis okkar veikir samkeppnistöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart fyrirtækjum á hinum stóru myntsvæðum. Ef menn vilja halda í hina íslensku krónu þýðir það að samanburðurinn verður verri og þá þurfa önnur skilyrði að vera það góð að þau vegi upp ókostinn við lítið myntkerfi.

Jón Sigurðsson, framkv.stj.
Össur hf.

Heildarsamtök iðnaðarins gegna lykilhlutverki



Málmur – samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði rekur sögu sína allt til ársins 1937 þegar Meistarafélag járníðnaðarmanna var stofnað. Félag dráttarbrauta og skipasmiðja var stofnað 1967 en með stofnun Málmis, árið 1992, voru þessi félög sameinuð í hinu nýja félagi.

Málmur hefur verið aðili að SI allt frá stofnun 1993. Nokkru síðar lagði Málmur af sjálfstæðan rekstur skrifstofu en gerði þjónustusamning við SI. Til marks um árangur endurskipulagningar samtakanna hafa árgjöld til Málmis og heildarsamtaka, sem félagið er aðili að (fyrir utan Samtök atvinnulífsins), lækkað úr 0,54% af veltu í 0,09% eins og þau eru í nú. Þetta hefur gerst á sama tíma og þjónustan er nú bæði fjölpættari og betri en áður. Mörg málefna, sem vinna þarf að til að bæta samkeppnisstöðu málmíðnaðarins eiga rætur að rekja til umræðu innan Málmis. Sum þeirra eru unnin innan félagsins en önnur eru þess eðlis að þau fara til úrvinnslu og framkvæmda hjá heildarsamtökunum. Þar er öflugt lið sérfræðinga sem mynda framvarðarsveit íslensks iðnaðar um leið og

iðngeinarnar styðja hver aðra í sameiginlegum málefnum. Á undangengnum tíu árum hefur málm- og skipaiðnaðurinn þurft að þola bæði súrt og sætt. Gleggsta dæmið um það, sem miður fór á þessu tímabili, er hrun hins glæsilega skipaiðnaðar sem að mínu mati hefði ekki þuft að vera eins alvarlegt og raun bar vitni um ef fyrirtækin og ekki síður stjórnvöld hefðu haft meiri framsýni og þor en raun varð á. Fyrirtækin með því að bregðast fyrir við þegar blása fór á móti og stjórnvöld með því að mæta miklum niðurgreiðslum í skipaiðnaði samkeppnisþjóða með raunhæfum aðgerðum. Sem betur fer slokknandi þó ekki alveg á skipasmíðakerfinu og nú eru tvö af aðildarfyrirtækjum okkar að smíða fiskiskip fyrir færeyskan markað. Aðrar greinar málmíðnaðarins hafa gengið betur síðasta áratuginn. Þar má nefna ýmiskonar byggingu stálmannvirkja í tengslum við stóriðju og ekki síður hönnun og smíði sérhæfðs búnaðar fyrir veiðar og vinnslu sjávarafurða. Hér er um að ræða búnað sem byggist á samþættingu á smíði úr ryðfríu stáli og rafeinda- og tölvutækni. Reynslan sýnir að tækifærin til að auka slíka framleiðslu fyrir matvælavinnslu á alþjóðamarkaði eru nánast ótæmandi. En til þess að það takist verður starfsumhverfið að vera stöðugt en gengi íslensku krónunnar og háir vextir hafa spilt mjög fyrir og það svo að þessum álitlega vaxtarsprotu er hætta búin.

Íslenskur málmíðnaður mun breytast mikið næstu árin eins og aðrar tæknivæddar greinar. Við erum orðin hluti af

alþjóðsamfélaginu og þurfum að marka okkur sess samkvæmt því og geta staðist samkeppni á alþjóða vettvangi. Til þess þurfa fyrirtækin að bregðast hratt við og laga sig að starfsháttum og tækni hvers tíma og stjórnendur að tryggja hæfni sína og annars starfsfólks með aukinni fræðslu og símenntun. Á þetta hefur Málmur lagt höfðuáherslu að undanfögnu bæði innan Fræðslumiðstöðvar málmíðnaðarins og heildarsamtaka sem það er aðili að. Stjórn og starfsfólk SI hafa tekið heils hugar undir þessi grundvallarsjónarmið og mikil vinna verið lögð í að mæta þessari brýnu þörf.

Samtök iðnaðarins eru nú orðin tíu ára. Þau eru hagsmunasamtök iðnaðar á Íslandi og vinna stöðugt að því að ytri skilyrði, lög og reglur varðandi iðnaðarstarfsemi séu viðundandi. Við sættum okkur ekki við neitt annað en að standa a.m.k. jafnfætis starfsskilyrðum samkeppnisþjóða okkar. Til þess þarf sífellda baráttu á vettvangi heildarsamtakanna. Við í Málmum erum meðvitaðir um ábyrgð okkar í þeim efnum og styðjum því SI á alla lund til góðra verka. Við gerum á móti þá kröfu að Samtök iðnaðarins séu sívinnandi að þeim málefnum sem mestu skipta. Gæfa SI í þessi tíu ár er að hafa á að skipa góðu og stöðugu starfslíði sem mótað hefur starfið af áhuga og samviskusemi.

Stjórn Málmis óskar Samtökum iðnaðarins til hamingju með afmælið.

Theódór Blöndal, formaður Málmis



Nýir félagsmenn SI

Byggó hf.
Kambaseli 68
109 Reykjavík
Húsbýggingar, mannvirkjagerð og viðhald

Klak ehf.
Borgartúni 37
105 Reykjavík
Nýsköpunarhús

Pixel ehf.
Laugavegi 178
105 Reykjavík
Prentiðnaður

Sjávarberg ehf.
Skólastíg 24
340 Stykkishólmi
Saumastofa

Breytt innheimtuferli félagsgjalda

Innheimtuferli félagsgjalda Samtaka iðnaðarins hefur verið endurskoðað. Allir verkferlar við innheimtuna hafa verið endurmetnir, skýrðir nánar og færðir inn í gæðahandbók SI. Innheimtan, skipting greiðslna og utanumhald er mun auðveldari en áður var með nýju bókhaldskerfi sem er Navision Financials sem öll samtökin í Borgartúni 35 hafa tekið upp.

Samtökin hafa ekki verið mjög harðskeytt í innheimtuaðgerðum til þessa en þeir, sem greiða sín félagsgjöld skilvíslega, gera eðlilega kröfu til þess að eitt gangi yfir alla í þeim efnum. Til þess að

fylgja eftir innheimtu félagsgjalda hefur verið samið við LOGOS, lögmannsþjónustu um að annast alla vanskilainnheimtu fyrir SI. Áformað er að framvegis verði vanskilainnheimta hafin mun fyrir en verið hefur.

Samtökin innheimta ekki einasta eigin félagsgjöld, heldur einnig fyrir Samtök atvinnulífsins og aðildarfélög SI. Til þess að kynna þessar nýju innheimtuleglur og breytt ferli við innheimtu félagsgjalda verður haldinn sérstakur kynningarfundur fyrir stjórnir aðildarfélaganna, á skrifstofu SI, Borgartúni 35 hinn 5. febrúar nk. kl. 8:00 – 9:00.

Dagmar E. Sigurðardóttir

Stækkun EES og vinnumarkaðurinn

Höfum ekki áhyggur

Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins telja að frjáls aðgangur fólks frá hinum nýju aðildarríkjum ESB muni ekki raska jafnvægi á íslenskum vinnumarkaði, ekki frekar en tilkoma EES-samningsins á sínum tíma.

Þvert á móti höfum við hvatt til þess að borgarar hinna nýju aðildarríkja fái strax við gildistöku stækkunar notið allra þeirra réttinda sem við hin njótum á hinu Evrópska efnahagssvæði, að frjálsri för meðtalinni. Íslensk stjórnvöld hafa líka heimild samkvæmt EES-samningnum til að grípa til takmarkana ef opnunin leiðir til röskunar á jafnvægi hérlendis.

Takmarkanir á frjálsum aðgangi þessa



„Borgarar hinna nýju aðildarríkja fái strax við gildistöku stækkunar notið allra þeirra réttinda sem við hin njótum á hinu Evrópska efnahagssvæði“

fólks að íslenskum vinnumarkaði munu hins vegar vera til skoðunar hjá stjórnvöldum, ekki síst í ljósi þess að á undanförunum mánuðum hefur fjölgað ört í þeim hópi EES-ríkja sem hyggjast viðhafa einhvern aðlögunartíma. Langflest ríkin virðast a.m.k. ætla að verða með einhverjar takmarkanir á aðgangi og þannig setja þau ákveðinn þrýsting á umræðuna um málið hvert hjá öðru.

Með hliðsjón af þessu umhverfi leggjast SA ekki alfarið og fyrirfram gegn neins konar tímabundnum takmörkunum á aðgangi, heldur munum við taka afstöðu til mögulegra tillagna þess efnis út frá því hvernig framkvæmdin verður hugsuð.

Verðum að undirbúa okkur vel

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ

Alþýðusamband Íslands hefur allt frá upphafi tekið virkan þátt í umræðum um væntanlega fjölgun aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, bæði hér á landi og á Evrópuvísu. Í þeirri umræðu hefur ASÍ lagt áherslu á jákvæða þýðingu EES samningsins fyrir íslenskt launafólk og fyrirtækin í landinu. Þá lýsti ASÍ yfir því því árið 2001 að sambandið styddi stækkun Evrópska efnahagssvæðisins og vænti þess að hún leiddi til hagsældar, friðsamlegrar sambúðar, aukinna mannréttinda og lýðræðis í Evrópu.

ASÍ hefur jafnframt lagt ríka áherslu á mikilvægi þess að undirbúa sem best stækkun vinnumarkaðarins hér á landi. Þá hafa þau vandamál sem komið hafa upp vegna starfsemi erlendra starfsmannaleiga síðustu misseri varpað ljósi á alvarlega veikleika við framkvæmd sameiginlega vinnumarkaðarins og frjálsra þjónustuviðskipta.

Það er forgangsverkefni að bæta úr þeim hnökrum sem komið hafa upp og tryggja



„Óhjákvæmilegt að stjórnvöld nýti heimildir í samningnum um stækkun EES til að fresta gildistöku ákvæða um frjálsa för launafólks frá nýjum aðildarríkjum“

þannig góða framkvæmd sameiginlega vinnumarkaðarins. Til þess þarf m.a. að efla upplýsingagjöf og leiðbeiningar til útlinginga á íslenskum vinnumarkaði, auka eftirlit með starfsskilyrðum og kjörum út-

linginga, setja löggjöf um starfsemi einkarekinna vinnumiðlana og starfsmannaleiga, skilgreina ábyrgð og skyldur þjónustukaupa og treysta á annan hátt góða framkvæmd EES samningsins.

Þar til nauðsynlegar ráðstafanir hafa verið gerðar, telur ASÍ óhjákvæmilegt að stjórnvöld nýti heimildir í samningnum um stækkun EES til að fresta gildistöku ákvæða um frjálsa för launafólks frá nýjum aðildarríkjum. Til að byrja með þarf að nýta tveggja ára frestun ákvæðisins og meta svo stöðuna síðar.

Markmiðið er að koma í veg fyrir ágreiðing og átök um framkvæmd EES samningsins. Tryggja verður, eins og kostur er, að frjáls þjónustuviðskipti og frjáls för launafólks leiði ekki til röskunar á íslenskum vinnumarkaði, hvað varðar kjör og aðbúnað launafólks. Jafnframt verður að koma í veg fyrir félagsleg undirboð og svarta atvinnustarfsemi. Þetta eru að mati ASÍ sameiginlegt hagsmunamál launafólks, fyrirtækjanna og samfélagsins alls. Þetta eru einnig hagsmunir EES borgara sem hingað vilja koma til starfa.



Menntun eykur verðmætasköpun

Fyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins telja að á næstu þremur árum þurfi þau að bæta við 771 nýjum starfsmanni með raungreina-, tækni- og verkfræðimenntun og 2252 starfsmönnum með iðn- og starfsmenntun. Þetta kemur fram í könnun sem IMG Gallup gerði nýlega fyrir Samtök iðnaðarins.

Á Menntadegi iðnaðarins, 15. janúar sl., var kynnt ný könnun sem IMG Gallup vann fyrir Samtök iðnaðarins um þörf iðnaðarins fyrir menntun á næstu árum. Niðurstöðurnar staðfesta eldri kannanir SI þess efnis að iðnfyrirtækin eru í stöðugri þörf fyrir fleira iðn- og tæknimenntað fólk. Meðal nýstárlegra niðurstaðna er sú áhersla sem fyrirtæki leggja á mannauð og nauðsyn þess að byggja upp þekkingu.

Athygli vekur að ófaglærðir vinna störf tæknimanna í rúmlega þriðjungu fyrirtækjanna. Þetta gefur vísbendingar um að þörf sé á að byggja kerfisbundið upp þekkingu og færni í þessum störfum.


Könnunin leiðir enn fremur í ljós að mikill meirhluti stjórnenda fyrirtækja telur mikilvægt að efla kynningu á starfsemi iðn-fyrirtækja í grunn- og framhaldsskólum.

Stjórnendur voru beðnir að forgangsraða fjórum mikilvægum aðföngum fyrirtækja: fjármagni, mannauði, upplýsinga- og framleiðslukerfum og viðskiptavinum. Niðurstöður fólu í sér að allt væri þetta mikilvægt en mannauðurinn skipti þó mestu máli.

Þetta er fyrsta könnun um menntamál sem Samtök iðnaðarins vinna í samstarfi við óháðan aðila. Samtökin munu nota hana í aðgerðum á sviði menntamála í náinni framtíð.

Á annað hundrað gestir sóttu málþingið. Meðal þeirra voru félagsmenn SI, þingmenn, starfsmenn stjórnáráðgjafar, fulltrúar samtaka atvinnurekenda og launafólks og fulltrúar verkmenntaskóla og háskóla. Fundarstjóri var Vilmundur Jósefsson, formaður SI.

Frekari upplýsingar um Menntadag iðnaðarins eru á vefsetri Samtaka iðnaðarins www.si.is.





Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, ávarpaði málþingið og ræddi mikilvægi menntunar fyrir atvinnulífið.

Ráðherra hrósaði Samtökum iðnaðarins fyrir upplýsingavefinn www.idan.is sem m.a. er ætlað að upplýsa ungt fólk um möguleika til náms og starfa.

Hún greindi frá tilraun um vinnustaðakennslu sem nú er að hefjast og væntanlegar breytingar sem verða á henni á næstu árum. Um þetta sagði ráðherra: „Tilraunin, sem á rætur að rekja til frumkvæðis Samtaka iðnaðarins frá árinu 2001, mun leiða í ljós hvort unnt er að skipuleggja vinnustaðanám með þeim hætti að fram fari skipulegt nám á grundvelli lýsingar á þeim þáttum sem nemandinn á að tileinka sér meðan hann starfar í fyrirtækinu. Ljóst er að með þessu verða gerðar auknar kröfur til fyrirtækja um kennslu en á móti kemur að fyrirtækin fá greitt fyrir að sinna kennslunni.“

Menntamálaráðherra sagði að þeim, sem ljúka sveinsprófi í löggiltum iðngreinum, hefði fækkað undanfarin ár. Álitafni væri þó hvort þetta væri vísbending um það að starfsnámið ætti í vök að verjast því að aðsókn hefði aukist mikið að öðru starfsnámi, m.a. á sviði upplýsinga- og fjölmiðlagreina.

Meira jafnræði ríkir nú en áður með iðn- og verknámsskólum og bóknámsskólum í fjárhagslegu tilliti að sögn ráðherra: „Breytingarnar eru iðn- og verknámsskólunum í vil og vonir standa til þess að með þeim sé stigið mikilvægt skref sem er til þess fallið að efla iðn- og verknámsspátt menntakerfisins til lengri tíma litið. Hið endanlega markmið er að fjárframlög til einstakra skóla endurspeglí kostnað vegna fjárfestinga og starfsemi þeirra.“

Í lokin minnti Þorgerður Katrín, menntamálaráðherra, á að efling starfsnáms er sameiginlegt viðfangsefni stjórnvalda og atvinnulífs. Hún þakkaði Samtökum iðnaðarins fyrir að halda sérstakan Menntadag iðnaðarins og sagði síðan: „Það er mikilvægt í þessu ögrandi verkefni að okkur takist í sameiningu að skapa hér á landi góða starfsmenntun - einstaklingum og fyrirtækjum - en ekki síst fjölskyldunni til heilla.“



Þorvaldur Gylfason, prófessor, sagði í erindi sínu, Menntun og hagsæld: „Menntun eflir mannauð og mannauður eflir hagvöxt til lengri tíma litið. Lífskjör fólks ráðast af hagvexti fyrri tíðar og engu öðru.“

Í máli hans kom fram að útgjöld til menntamála nema 6% af landsframléiðslu eða um 60.000 kr. á fjölskyldu á mánuði. „En útgjöldin segja ekki allt,“ sagði Þorvaldur. „Við þurfum að greina aðföng frá afurðum. Útgjöld eru aðföng til menntamála en afurðin er menntunin sjálf. Hún skiptir höfuðmáli, ekki aðföngin.“

Þorvaldur fullyrti að útgjöld til menntamála nýttust miklu betur ef kostir markaðsbúskapar fengju að njóta sín betur en verið hefur. „Markaðsbúskapur myndi færa okkur meiri samkeppni, meiri fjölbreytni og fjölbreyttari fjáröflun.“


Þorvaldur nefndi að tölur Alþjóðabankans staðfestu að hagvöxtur og fjárfesting haldast í hendur. „Hvað þá með fjárfestingu í mannauði? Með því að kanna framhaldsskólasókn sem hlutfall af hverjum árgangi má sjá að aukin menntun skilar meiri hagvexti. Hagvöxtur og menntun haldast í hendur eins og hagvöxtur og fjárfesting.“



Hilmar Janusson, þróunarstjóri Össurar hf., taldi óraunhæft að menntakerfið gæti á næstu þremur árum brugðist við óskum fyrirtækja um aukinn

fjöldi iðn- og tækni-menntaðra í samræmi við niðurstöður könnunar IMG Gallup. Eftirspurn eftir verk- og tæknimenntun hefði vaxið hratt: „Þær breytingar, sem eru framundan, gefa okkur tækifæri. Sérstaklega vil ég draga fram mikilvægi rannsóknánáms í fyrirtækjum. Ég tel að það verði undirstaða hagvaxtar á næstu árum.“

Hilmar sagði að vöxtur viðskiptánáms á undanförunum ætti að vera mótél fyrir nauðsynlegan vöxt í verk- og tæknifræði. Mikilvægt væri að breytingar á mennta-



kerfinu væru heildstæðar. Styttun náms til stúdentsprófs þyrfti að eiga sér stað í tengslum við aðrar nauðsynlegar breytingar. Til greina kæmi að stofna fjögurra deilda undirbúningsdeild við HÍ til að draga úr miklu brottfalli nema á fyrsta ári. Hilmar nefndi mikilvægi þess að formfesta menntun og fjölbreytta starfsreynslu starfsmanna. Að þessu leyti væri hægt að draga lærdóm af sveinsprófs- og meistara-kerfinu.



Sigurður Guðni Sigurðsson, framkvæmdastjóri Skagans hf., sýndi myndband af starfsemi fyrirtækisins en það framleiðir háþrúð tæki til matvælaframleiðslu. Fyrirtækið er sambland af hefðbundnu járn-

iðnaðarfyrirtæki, plastfyrirtæki, hönnunardeild og markaðsdeild. Fyrirtækið er suðupottur fjölbreyttrar reynslu iðnaðarmanna, verkfræðinga, tækniteknara og fleiri. „Það er gríðarleg áskorun,“ sagði Sigurður Guðni, „að fá að taka þátt í því að búa til heila verksmiðju sem stundum er sett í skip. Menn fá útrás fyrir sköpunarþrána og horfa t.d. stoltir á eftir skipi með heilt vinnsludekk sem þeir tóku þátt í að hanna og framleiða.“

Sigurður Guðni telur að það gleymist alltof oft að segja unga fólkinu frá því sem býðst í iðnnámi og störfum í iðnaði. „Við þurfum fleira og betra ungt fólk í iðnnám,“ segir Sigurður Guðni. „Við getum ekkert gert ef við eigum ekki aðgang að þeim mannauði sem er fólgin í menntun og þekkingu starfsfólks.“

Ingi Bogi Bogason

Forgangsverkefni Samtaka Íslenskra upplýsingatæknifyrirtækja 2004

Stjórn Samtaka Íslenskra upplýsingatæknifyrirtækja (SUT) hefur skilgreint helstu áhersluverkefni fyrir árið 2004. Starf samtakanna byggist nú meira á hópstarfi þar sem valdir fulltrúar úr fyrirtækjum mynda vinnuhópa sem skilgreina helstu aðgerðir (verkþætti) viðkomandi verkefnis. Helstu verkefni eru eftirfarandi:

Vsk. málið

Það hefur lengi verið skoðun samtakanna að virðisaukaskattskilum fjármála- og tryggingafyrirtækja og opinberra aðila af sérfræðivinnu og þjónustu á sviði upplýsingatækni, sem er í samkeppni við einkaaðila, sé ábótavant. Lög og reglugerðir kveða skýrt á um að greiða skuli vsk. af slíkri vinnu og að hún skuli sérstaklega aðgreind í bókhaldi. Vegna þess hafa slíkir aðilar séð sér hag í að byggja upp eigin þjónustudeildir í stað þess að kaupa þjónustuna að. Þetta er sérstaklega áberandi þegar hvers kyns tölvuþjónusta og hugbúnaðargerð eiga í hlut.

Mikilvægur árangur náðist í Vsk. málinu á síðasta ári en þá lagði Ríkisskattstjóri fram ákvarðandi bréf og breyting var gerð á reglugerðum sem ætlað er að skerpa skilgreiningar, annars vegar á afmörkun sérfræðipjónustu en hins vegar hvenær samkeppni telst vera fyrir hendi.

Með þessu er nú mun skýrara hvaða innri þjónusta slíkra aðila telst í samkeppni. Samtökin hafa þó gert alvarlegar athugasemdir við þá túlkun RSK að virðisaukaskattur af þjónustu við rekstur stoðkerfa og uppsetningu vélbúnaðar sé ekki endurgreiðsluhæfur. Með því er tölvu- og rekstrarþjónusta undanskilin sem er ófært í þessu samhengi. Mikilvægt er að þau atriði verði leiðrétt.

Ímyndarmál upplýsingatæknigreinarinnar

Settur hefur verið á fót vinnuhópur sem mun skilgreina sérstakt átak varðandi ímyndarmál UT-iðnaðar. Í kjölfarið verður tillögum, sem þar koma fram, hrundið í framkvæmd. Fyrir nokkrum árum var gert átak á vegum Samtakanna sem fólst í að vekja athygli á miklum vexti greinarinnar og mikilvægi hennar fyrir íslenskt þjóðfélag.

Þekkingarauður UT-fyrirtækja

Á síðasta ári stóðu SUT að gerð fyrirmyndar að svokallaðri þekkingarskýrslu sem er ætlað að vera viðbót við hefðbundin reikningsskil og lýsa þeim verðmætum sem ekki er að finna í venjulegum ársreikningi. Fyrirmyndin lýsir því hvernig eigi að gera grein fyrir óáþreifaðum verðmætum og hvaða mælikvarða eigi að nota til þess.

Til að vinna frekar að þessu verkefni var sótt um þriggja ára styrk til Norræna iðnaðarsjóðsins sem ákvað nýlega að styrkja norrænt verkefni um þetta málefni. SUT verða í forsvari fyrir verkefninu sem heitir Putting Intellectual Capital into Practical Implementation og samstarfsaðilar eru samtök UT-fyrirtækja á öllum Norðurlöndum. Gert er ráð fyrir að aðildarfyrirtæki þeirra taki þátt í verkefninu með ýmsum hætti. Sum gera sínar eigin þekkingarskýrslur en önnur fá að kynna hvernig að slíki úttekt skal standa.

Átak um stuðning við útrás UT-fyrirtækja

Settur hefur verið á fót vinnuhópur sem mun skilgreina sérstakt átak um útrás UT-fyrirtækja. Hópurinn skilar tillögum um hvers konar aðstoð henti best í útrásarverkefnum slíkra fyrirtækja og gera tillögu um hvernig slík aðstoð skuli fjármögnuð.

Bætt verklag við útboð UT-lausna

Fyrir u.þ.b. tveimur árum skilaði vinnuhópur á vegum SUT og Ríkiskaupa tillögum um bætt verklag við opinber útboð UT-lausna til hagsbóta fyrir kaupendur og seljendur. Ýmsar ábendingar, sem starfshópurinn lagði til, hafa verið innleiddar en nú er vilji fyrir því að starfshópurinn verði kallaður saman á ný og meti hvernig til hefur tekist, hvað hefur gefist vel og hvað miður. Stefnt er að því að starfshópurinn skoði ferli nýlegra útboða og geri grein fyrir niðurstöðum sem vonandi skila sér í bættu verkferli við útboð.

Samanburður við Írland

Tillaga er um að bera saman starfsskiyrði UT-fyrirtækja á Írlandi og á Íslandi. Með því væri hægt að læra af Írum hvernig þeim hefur tekist að byggja upp öflugt tæknisamfélag m.a. með gífurlegum fjár-

festingum erlendra stórfyrirtækja á sviði upplýsingatækni.

Liður í því verður heimsókn til Írlands þar sem lykilaðilar verða sóttir heim.

Samstarf við tölvunarfræðiskor Háskóla Íslands

Samningur er í gildi við verkfræðideild HÍ um að efla kennslu og auka gæði náms við tölvunarfræðiskor og efla tengsl íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja og skolarinnar. Undanfarin tvö ár hafa SUT tilnefnt tvo aðjúntka við tölvunarfræðiskor verkfræðideildar sem eiga m.a. hlutdeild í ákvarðanatöku varðandi uppbyggingu og þróun námsins. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um aukið samstarf sem verður reynt að hrinda í framkvæmd á starfsárinu.

Kennistærðir – lykiltölur

Gerðar verða reglubundnar kannanir á tilteknum lykiltölum sem varða rekstur og rekstrarumhverfi UT-fyrirtækja. Einnig verður reynt að afla sambærilegra upplýsinga í helstu samkeppnislöndum.

Nú er unnið að tillögu um hvaða kennistærðir verði kannaðar með reglubundnum hætti og hvernig þeirra upplýsinga verði aflað.

Morgunverðafundir

Reglulega verða haldnir morgunverðafundir með sama fyrirkomulagi og verið hefur, þ.e. um málefni sem eru ofarlega á baugi hjá greininni.

SUT eflir tengsl við þjónustudeild Samtaka atvinnulífsins


Með aðild að Samtökum iðnaðarins gerast fyrirtæki jafnframt aðilar að Samtökum atvinnulífsins. Stefnt verður að því að efla tengsl við þjónustudeild SA með því að veita m.a. þjónustu við gerð og túlkun ráðningarsamninga.

Þó að framangreind verkefni hafi verið skilgreind sem forgangsmál stjórnar SUT eru að sjálfsögðu ýmis önnur mál sem unnið er að á vegum samtakanna og einstök fyrirtæki hafa beinan aðgang að margvíslegri þjónustu sem Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins veita.

Guðmundur Ásmundsson

Miklir möguleikar í örtækni

Samtök iðnaðarins, RANNÍS og Iðntæknistofnun stóðu fyrir ráðstefnu um örtækni 3. des. síðastliðinn. Örtækni hefur mikla þverfaglega skírskotun og talið er að þróun hennar muni gerbreyta mörgum hefðbundnum lausnum í iðnaði framtíðarinnar.



Aðalræðumaður var Tim Harper frá CMP Cientifica. Aðrir ræðumenn voru; Ingólfur Þorbjörnsson, Iðntæknistofnun sem kynnti örtækni m.a. með sýningu myndbands sem Evrópusambandið hefur látið gera og einnig þá vinnu sem er framundan í Örtæknivettvangi. Kristinn Johnsen, Lyfjaþróun Ltd., kynnti möguleika á nýtingu örtækni í heilbrigðis- og líftækni. Sveinn Ólafsson, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, ræddi uppbyggingu í rannsóknum og kennslu í örtækni. Þá kynnti Davíð Lúdvíksson, frá Samtökum iðnaðarins, niðurstöður stefnumótunar Örtæknivettvangs og ræddi möguleika fyrirtækja til að nýta sér örtæknina.

Tim Harper skilgreindi örtækni sem „það svið tækni og vísinda sem fæst við að ná að stýra eðlisfræðilegum efniseiginleikum með nákvæmni sem mæld er á stærðarmælikvarða atóma og efnasameinda.“

Margar aðrar skilgreiningar hafa komið fram en þessi er með þeim einfaldari og skýrari sem eru í umræðunni.

Í erindi Tims kom fram að Íslendingar eiga fullt erindi í það samstarf og þróun sem nú á sér stað í Evrópu og víðar. Hann benti á að örtækni ætti sér langa þróunarsögu sem væri þegar farin að skila lausnum á markaði. Hún væri því ekki einhver tæknilegur framtíðartilbúningur heldur beinhardur veruleiki. Hann lagði þó mikla áherslu á að menn velji sér áherslusvið eftir hagnýtingarkostum frekar en frá tæknilegu sjónarmiði. Á meðfylgjandi mynd, sem Tim Harper sýni í erindi sínu, tók hann

dæmi af mörgum ólíkum bílhlutum sem hannaðir verða í framtíðinni og framleiddir með hjálp örtækni.

Meðal þeirra fagsviða í starfsemi fyrirtækja og vörflokkar, sem munu geta nýtt sér örtækni á Íslandi, eru:


1. Heilbrigðistækni
2. Líftækni
3. Skynjaratækni
4. Efnistækni m.a. fyrir mannvirkjagerð, stoðtæki og vélar
5. Tölvu- og rafeindatækni
6. Greiningartækni
7. Orkutækni
8. Íslensk véla- og tækjaframl.
9. Reiknitækni
10. Umhverfissvið

Meðal hagnýtingarverkefna á þessum sviðum, sem liggja nærri íslenskum fyrirtækjum, eru:

- Yfirborðsmeðhöndlun véla í matvælaíðnaði sem hrindir frá örverum og öðrum óhreinindum.
- Rafnef og aðrir skynjarar m.a. í matvælavinnslu.
- Ígrædd stoðtæki sem stýrast af eigin boðkerfi og taugum líkamans.
- Krabbameinslyf sem finna æxli sjálf.
- Örpakkar sem opnast við viss hitastig og virkjast þannig sjálfkrafa á bólgusvæðum.

Ráðstefnan var vel sótt og mjög frjóar umræður fóru fram um þróun og framtíðarmöguleika í örtækni á Íslandi og á alþjóðlegum vettvangi. Tim Harper og aðrir framsögumenn nefndu fjölmörg dæmi um notkunarmöguleika örtækninnar á ólíkum sviðum þannig að ljóst er að möguleikarnir eru margir hér á landi sem og annars staðar.

Davíð Lúdvíksson



Betri líðan – Bættur hagur

- áttak til að auka vinnuvernd í málm- og byggingariðnaði



Finnskir sérfræðingar fóru ítarlega yfir matskerfin, hvernig þau eru upp byggð og hvernig þeim er beitt úti á vinnustöðunum. Þeir fóru bæði á byggingarstað og í vélsmiðju

Árið 2002 stóðu Samtök iðnaðarins og Samiðn fyrir rannsókn á öryggismálum í byggingar- og málmíðnaðarfyrirtækjum. Til verksins var ráðið fyrirtæki Sólarplexus sem gerði úttekt á ástandi þessara mála í fjórum fyrirtækjum, tveimur í málmíðnaði og jafnmörgum í byggingariðnaði. Niðurstaðan var birt í ítarlegri skýrslu sem varð til þess að samtökin, sem stóðu að rannsókninni, ákváðu að vinna skipulega saman að því að bæta ástandið þessara mála á vinnustöðunum.

Í fyrstu var leitað fyrirmynda hér á landi

og horft til kerfis sem sett hafði verið upp hjá Alcan í Straumsvík. Vinnuhópur var settur á fót og hann kynnti sér aðferðir og árangur í Straumsvík. Þar kom þar margt mjög athyglisvert í ljós – ekki síst það að með skipulegu átaki er hægt að lyfta Grettistaki í öryggi á vinnustöðum og fækka óhöppum og slysum verulega.

Í kjölfarið var haldinn fundur með fulltrúum Vinnueftirlits ríkisins og þeim kynnt markmið samtakanna í þessum efnum. Vinnueftirlitið kynnti vinnuhópnum finnskt kerfi sem mótað var þar í landi og hefur verið í notkun þar frá árinu 1991 og einnig

náð nokkurri útbreiðslu í öðrum löndum. Kerfið er bæði fyrir byggingar- og málmíðnað.

Eftir að hafa skoðað bæði kerfin var ákveðið að falast eftir að hið finnska yrði þýtt og staðfært og síðan reynt í takmörkuðum fjölda fyrirtækja. Finnarnir tóku því vel og því ákváðu Samtök iðnaðarins og Samiðn að móta sérstaka starfs- og fjárhagsáætlun um þetta verkefni í samvinnu við Vinnueftirlitið.

Yfirskrift verkefnisins er að kynna og koma á aðferðafræði á vinnustöðum til að bæta og auka vinnuverndarstarf í byggingar- og málmíðnaði undir kjörorðinu: Betri líðan – Bættur hagur (eða BB-verkefnið).

Verkefnið felur m.a. í sér að þýða og staðfæra matsaðferðir (TR-mælinn og Elmeri-mælinn), halda kennslu- og leiðbeinendanámskeið, gera samkomulag við fyrirtæki (4 til 5) um þátttöku í þessu tilraunaverkefni og hafa yfirumsjón með reksti þess. Að því loknu skal meta árangurinn. Þetta er því mikið og allkostnaðarsamt áttak en aðstandendur þess telja þeim fjármunum vel varið ef árangur næst. Nú er lokið við að þýða ofangreindar matsaðferðir og haldið hefur verið námskeið fyrir verðandi leiðbeinendur. Þar fóru finnskir sérfræðingar ítarlega yfir matskerfin, hvernig þau eru upp byggð og hvernig þeim er beitt úti á vinnustöðunum.

Framundan er að koma kerfunum á í fjórum til fimm fyrirtækjum og nota út þetta ár. Að því loknu meta aðstandendur verkefnisins árangurinn. Verði niðurstaðan jákvæð er stefnt að því að aðferðunum verði beitt á næstu árum í þeim fyrirtækjum í málm- og byggingariðnaði sem þess óska.

Ákveðið er að fræðslustofnanir greinanna, Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins ehf. og Menntafélag byggingariðnaðarins ehf. standi fyrir fræðslu og námskeiðum um þetta málefni og skipuleggi þá aðstoð sem fyrirtækin þarfnast til að koma matskerfunum á fót hjá sér.

Ingólfur Sverrisson - Eyjólfur Bjarnason

Hulda G. Mogensen lætur af störfum

Hulda G. Mogensen lét af störfum hjá Samtökum iðnaðarins um áramótin en hún hefur gegnt starfi gjaldkera SI frá stofnun þeirra árið 1993.

Áður en hún tók við því starfi hafði hún unnið hjá Landssambandi iðnaðarmanna í rúma þrjú áratugi



eða allt frá 1. desember árið 1960 til ársins 1993 þegar Landssambandið gerðist einn af stofnaðilum Samtaka iðnaðarins.

Samtök iðnaðarins færa Huldu bestu þakkar fyrir gott og óeigingjarnt starf fyrir iðnaðinn þau 43 ár sem hún hefur unnið í hans þágu.

Sambök iðnaðarins



ÍSKA
OKTÓBER 2004

Leitir

Þessi

ÚTBOÐSPING 2004

Verklegar framkvæmdir

Hótel Loftleidir 30. janúar 2004 frá kl. 13:00 til 16:30

Áföng Útboðsping Samböku iðnaðarins og Félags vinnuvélagsgenda verður haldið föstudaginn 30. janúar kl. 13:00 á Hótel Loftleidum. Gæð verður yfirlit yfir öll helstu útböð verklegra framkvæmda á vögum ríkisna, Reykjavíkur, borgar og Kópavogs. Kynntar verða framkvæmdir þeirra opinberu stofnana sem mest kveður að á útböðsmarkaði. Á þinginu gefst verktökum og öðrum einstakl tækifæri til að skyggjast inn í verkefnaframböð ársins.

Ræðumenn:



Hafsteinn Sveinn Hermannsson
framkvæmdastjóri SI



Róbertur Ágústsson
eignastjóri



Jónas Ólafur Sveinsson
framkvæmdastjóri



Sigríður Áss Grétasdóttir
eignastjóri



Ásgerður Ágústsdóttir
eignastjóri



Þórunn Guðnadóttir
eignastjóri



Ólafur Þorgeirsson
eignastjóri



Staður:
Hótel Loftleidir - Þingsalur 1
Sund
Föstudaginn 30. janúar nk.

Tími:
Frá 13:00 til 16:30

Sambök iðnaðarins hvetja félagamenn að koma og taka þátt í umræðum um framkvæmdir opinberra aðila á næstu misserum.

Að loknum fundi býður Félag vinnuvélagsgenda til hófs í blefri 50 ára afmælis félagsins. Þingið er öllum opið.



Sambök iðnaðarins

Samkeppnisstaðan erfið

- er hægt að verjast áföllum? -

Samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja hefur tekið örum breytingum undanfarin ár. Þátttaka þjóðarinnar í EES og breytingar á skattareglum hafa lagað starfsskilyrðin töluvert. Árangur fyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni mótast þó hvað mest af stöðugleika í rekstrargrundvelli þeirra. Slíkan stöðugleika hefur skort undanfarin ár. Miklar stóriðjuframkvæmdir á komandi árum krefjast réttra viðbragða stjórnvalda til að viðhalda stöðugleika og er mikilvægt að hagstjórn verði samræmd til að koma í veg fyrir að nýjar og fjölbreyttari undirstöður atvinnu og verðmætasköpunar skaðist á komandi árum. Hér á eftir eru helstu atriði samkeppnisstöðunnar reifaðar.



„Virkt aðhald í fjármálum ríkissjóðs og sveitarfélaga getur dregið úr þörfinni á mikilli hækkun vaxta á komandi árum.“

Sveiflukennt raungengi

Kostnaðarstig íslenskra fyrirtækja er

mjög hátt í alþjóðlegum samanburði. Miklar sveiflur hafa verið í raungengi krónunnar sem hafa haft gífurleg áhrif á þróun erlendra viðskipta. Raungengi gerir samanburð á verði eða launum okkar og erlendis mögulegan með því að setja þau í sömu mynt. Íslensk laun í erlendri mynt eru aftur orðin mjög há (Mynd 1). Samkeppnisstaða fyrirtækja okkar á alþjóðlegum markaði er því lök og dregur úr útflutningi. Um leið eykur hátt raungengi kaupmátt landsmanna erlendis en innfluttar vörur lækka í verði. Háu raungengi fylgir því vaxandi halli á erlendum viðskiptum. Nú stefnir í að hágengi verði viðvarandi á komandi missirum, vegna innflæðis fjármagns og hærri vaxta.



Óstöðugt verðlag

Stöðugleiki verðlagsins er helsta markmið hagstjórnar. Þrátt fyrir það hafa verðlag og laun breyst mikið undanfarin ár. Hér á landi hefur reynt erfið að halda verðlagi stöðugu vegna þenslu í efnahagslífinu. Í þenslu hafa laun tilhneingingu til að hækka mjög hratt hérlendis. Mælingar á framleiðslubili, sem sýna verðþrýsting í hagkerfinu, staðfesta að verðbólgan fer af stað þegar þensla fær svigrúm að grafa um sig (Mynd 2). Þá leiðir þensla til mikils ójöfnuðar í erlendum viðskiptum og óstöðugleika í gengi krónunnar en miklar gengissveiflur hafa einnig áhrif á verðlagið.

Háir vextir

Fjármagn er mjög dýrt á Íslandi. Helstu ástæður eru skortur á samhæfingu í hagstjórn og krónunni fylgir áhætta í alþjóðlegum viðskiptum. Krónan virkar jafnframt sem viðskiptahindrun á sviði fjármálaþjónustu. Raunvextir, sem taka mið af væntingum um verðbólgu, segja til um raunverulegan kostnað peninganna. Raunstyrivextir Seðlabankans eru nú um 3% en sambærilegir vextir erlendis eru um 0%. Raunvextir viðskiptabankanna eru enn hærri, á bilinu 5 til 15%. Aðhaldsstig peningastefnunnar er því enn mikið um þessar mundir.

Mörgum yfirsést að hátt gengi krónunnar hefur einnig aðhaldsáhrif með því að lækka innflutt verð. Því fylgir jafnframt aukið mis-



vægi í erlendum viðskiptum. Nú stefnir í að stýrivextir hækki aftur vegna stóriðju-fjárfestinga og opinberra aðgerða. Við þær aðstæður getur hátt raunvaxtastig fest í sessi ef væntingar haldast um lága verðbólgu á komandi árum. Langvarandi hátt vaxtastig og gengi draga úr fjárfestingu og sköpun nýrra starfa í samkeppnisgreinum og undirstöður efnahagslífsins verða einhæfari.

Eina leiðin til að minnka þörfina á hærri stýrivöxtum er að beita virku aðhaldi í fjármálum hins opinbera. Til lengri tíma litið þarf að taka upp evruna til að lántöku-kostnaður hérlendis verði sambærilegur við það sem fyrirtækjum í viðskiptalöndum okkar býðst og gengissveiflur gagnvart meirihluta viðskiptalanda okkar hverfi allveg. Hér skiptir einnig máli aukið vægi evrunnar í viðskiptum Evrópuþjóðanna.

Ruðningsáhrif opinberra umsvifa

Opinber umsvif hafa aukist mikið undanfarin ár. Heildartekjur hins opinbera, að meginhluta skattatekjur, hafa aukist stöðugt undanfarin ár og eru nú 42% af landsframleiðslu. Samneysla sem hlutfall af landsframleiðslunni er jafnframt um 27% sem er það mesta innan OECD ríkjanna og líklega í heiminum. Samneyslan hefur verið í stjórnlausum vexti. Ef sú þróun heldur áfram mun skattbyrðin aukast verulega á komandi árum.

Stærstan hluta aukinnar samneyslu má rekja til launahækkana opinberra starfsmanna undanfarin ár. Þá eru fjárfestingar hins opinbera einnig fyrirferðarmiklar og hafa verið um 4% af landsframleiðslu í mörg ár. Aðeins í Svíþjóð er herra hlutfall af landsframleiðslunni nú varið til þessara mála meðal OECD ríkjanna. Vel þekkt er að mikil samneysla og opinber fjárfesting hafa „ruðningsáhrif“ með því að leiða til hærri vaxta og skatta sem dregur úr fjárfestingum og starfsemi einkaaðila. Hvort tveggja dregur úr sjálfbærum hagvexti til lengri tíma litið.

Þörf á réttum viðbrögðum í hagstjórninni

Þörf er á samstilltu átaki til að veita Seðlabankanum svigrúm til að beita hóflegu aðhaldi í peningastjórninni á komandi árum og til að koma í veg fyrir að samkeppnisgreinarnar verði fyrir varanlegum skaða.




Ef það er ekki gert bendir allt til að háir vextir hérlendis spenni upp gengi krónunnar og auki misvægið. Þegar saman dregur

í hagkerfinu við lok stóriðjufjárfestinga verður hætt við kröftugu gengisfalli og djúpum samdrætti. Til lengri tíma litið munu hagvöxtur og lífskjör þá verða lakari en þau ella hefðu orðið.

Virkt aðhald í fjármálum ríkissjóðs og sveitarfélaga getur dregið úr þörfinni á mikilli hækkun vaxta á komandi árum. Til að koma í veg fyrir það þurfa aðilar vinnu-

markaðsins að leggja sitt af mörkum með hóflegum kjarasamningum, bankar að sýna aðgát á útlánum og almenningur að draga úr skuldaföfnun.

Þorsteinn Þorgeirsson



Sterkur bakhjarl í síbreytilegu umhverfi

Samtökum iðnaðarins má líkja við þétttriðlög net sem gætir flókinna og margbreytilegra hagsmuna iðnfyrirtækja. Þau eru allt í senn, þjónustunet, samskiptanet, upplýsinga- og öryggisnet. SI vinna að hagsmunum iðnaðarins á öllum sviðum og í nánú samráði við fyrirtækin sjálf.



Helstu verkefni eru að:

Þætla almennri rekstrarumhverfi með því að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda

Fylgjast með alþjóðlegri þróun í atvinnurekstri

Fylgjast með og hafa áhrif á stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna, einkum gagnvart ESB

Studla að hagkvæmum rekstri með því að innleiða nýjar og beattar aðferðir við stjórnun og rekstur

Gæta þess að fandi sé að reglum á markaði

Hla samstarf fyrirtækja

Veita þjónustu og ráðgjöf

Góðar ástæður fyrir aðild að SI:

Samen stöndum við storkari og rödd iðnaðarins heyrst þegar við tölum einum rómi

Við erum málsvari iðnaðar á Íslandi og það er hlustað á okkur

Sterk samtök hafa áhrif á starfsskiyrði fyrirtækis þíns

Við þekkjum þarfir þínar og þú átt greiddan aðgang að faglegri þjónustu á fjölmörgum sviðum

Við veitum félagsmönnum upplýsingar og ráðgjöf

Hjá okkur færð þú aðgang að samstarfi við önnur iðnfyrirtæki til að bæta þinn eigin rekstur

Við gælum hagsmunum þínum of að þér er veigið

SI

Samtök iðnaðarins